

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Skútustaðahreppi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi þéttbýlis Reykjahlíðar.

Breytingin er gerð vegna fyrirhugaðra byggingaráforma á svæðinu. Breytingin snýr að breyttum skilmálum varðandi lóðina Múlaveg 11 um að þar megi byggja hvort heldur einbýlishús eða parhús og að mænissstefnu húsa á íbúðarlóðum við Múlaveg 5, 7, 9 og 11 er breytt í samræmi við núverandi hús á lóðum 5 og 9. Einnig er afmörkuð lóð nr. 4 við götu b (nú Sniðilsvegur) fyrir dælubrunn og dæluhús fyrir fráveitumannvirki.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá málsmeðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Mývatnssveit, 29. maí 2019.

F.h. Skútustaðahrepps,

Guðjón Vésteinsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 14. júní 2019